

# Lágafellspósturinn

## Skákmót

Skákkennsla er hluti sérgreina hjá nemendum í 4. árgangi. Tveir hópar, samtals 25 nemendur, luku nýlega 10 vikna tímabili í skákkennslu og af því tilefni tóku allir nemendur í þessum hópum þátt í skákmóti.

Á þessu tíu vikna tímabili sem kennslan tekur læra nemendur grunnreglur skákkennistarinnar s.s hvernig á að hegða sér við skákkborðið, mannganginn og að hugsa nokkra leiki fram í tímann. Á myndunum má sjá nokkra af þátttakendum, sem stóðu sig allir með þryði.



### Meðal efnis:

- Halloween
- Skákmót
- Forvarnir
- Jól í skókassa

## Söngstund með Helga

Nemendur í 1. árgangi voru í söngstund hjá Helga nú nýverið. Helgi spilaði á gítarinn og það voru glaðir krakkar sem tóku undir svo ómaði um allan skólann.



## Jólabingó

Jólabingó foreldrafélagsins var haldið fyrir fullu húsi sunnudaginn 20. nóvember sl. Fjöldi glæsilegra vinninga var í boði og voru vinningshafar margir. Nemendur 10. árgangs sáu um kaffisölu sem var hluti af fjáröflun þeirra. Bingóið var vel heppnað í alla staði og berum við foreldrafélaginu bestu þakkir fyrir.

## Á döfinni

**2. desember**  
Skreytingadagur  
- foreldrar  
velkomnir

**13.-15. desember**  
5. bekkir sýna  
helgileik

**16. desember**  
Jólamatur  
nemenda - 500  
kr. fyrir þá sem  
eru ekki í áskrift

**19. desember**  
Litlu jól 8. -10.  
bekk. Jólabboll  
um kvöldið

**20. desember**  
Stofujól og  
jólabböll 1. -7.  
bekk og  
leikskóladeild

## Forvarnir

Nemendur í 10. árgangi hlýddu á fyrirlestur Berents Karls, Benna Kalla, nú í nóvember. Í fyrirlestrinum sagði Benni Kalli krökkunum sögu sína þar sem hæst ber hræðilegt umferðaslys, sem hann lenti í sem ungur maður vegna hraðaksturs, og afleiðingar hans. Krakkarnir voru mjög ánægðir með heimsóknina sem ætluð er sem forvörn fyrir unglunga á leið út í umferðina. Það var Norðurál sem styrkti fyrirlesturinn og færum við þeim og Benna Kalla bestu þakkar fyrir.

## Samvera—Samvinna—Samkennd

## Halloween

Þann 3. nóvember sl. hélt nemendaráð Lágafellsskóla Halloweenball fyrir nemendur unglingaeldar. Það voru DJ Daði Freyr, Gulli og Stebbi sem héldu uppi stuðinu og stóðu sig frábærlega í því hlutverki. Þeir eru allir fyrrverandi nemendur skólans. Nemendur skemmtu sér vel og voru á allan hátt til sóma. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum mættu margar furðuverur á svæðið.




## Flottir leikskólakrakkar

Þessir flottu krakkar af leikskóla-deildinni tóku til hendinni á skólalóðinni nýlega. Þau voru úti að leika og leist ekkert á það hversu mikið af rusli var á lóðinni. Duglegir krakkar hér á ferð.



## Útivistarval

Nemendur í útivistarvali fóru í skemmtilega ferð á dögnum. Það voru félagar í björgunarsveitinni Kyndli sem tóku á móti krökkunum og fóru með þau í klettaklifur og sig auk þess sem þau fengu fræðslu um starfssemi sveitarinnar.



## Jól í skókassa

Börnin í 1. SH í Lágafellsskóla tóku þátt í verkefninu „Jól í skókassa“ sem KFUK og KFUM stendur fyrir ár hvert. Markmiðið með verkefninu er að hvetja börn jafnt sem fullorðna til að gleðja önnur börn sem búa við fátækt eða sjúkdóma í Úkraínu. Ákveðið var að safna í tvo skókassa og átti annar kassinn að vera fyrir dreng en hinn fyrir stúlku. Börnin voru full áhuga fyrir verkefninu og voru heldur betur tilbúin til að taka þátt. Hvern morgun bættist síðan eitthvað gagnlegt í skókassana s.s. föt, dót, tannburstar og auðvitað smá sælgæti. Voru börnin svo ötul að koma með hluti til að setja í kassana að bæta varð þriðja skókassanum við þeim til mikillar gleði. Sælla er að gefa en þiggja.

